

A F S A L

Sveitarfélagið Árborg kt. 650598-2029, hér eftir í skjali þessu nefndur afsalsgjafi, selur hér með og afsalar til Björgunarfélags Árborgar kt. 470483-0839, hér eftir nefndur afslashafi: **Fasteigninni að Árvegi 1 á Selfossi, Fastanúmer F2313644 689,9 fm. að flatarmáli. Einnig er með skjali þessu afsalað rými 15,2 fm. að flatarmáli, Fastanúmer F2325191, allt með tilheyrandi lóðarréttindum ásamt öllu því sem eignunum fylgir og fylgja ber.**

Eignarhlutunum er afsalað í því ástandi sem þeir nú eru í og afsalshafi hefur kynnt sér rækilega og sættir sig við í einu og öllu.

Kaupverð eignarinnar skv. kaupsamningi dags. 2/12.2011 (þingl. nr. X-000319/2012) kr. 48.200.000,- er að fullu greitt.

Hinir afsöluðu eignarhlutar hafa þegar verið afhentir afsalshafa til afnota.

Við afsal þetta liggur frammi veðbókarvottorð dags. 17.08.2021 og hafa aðilar kynnt sér það.

Á eignarhluta með fastanúmer 2313644 hvílir veðskuldabréf sem gefið var út í samræmi við 8. tl. 2. gr. kaupsamnings aðila um eignina (sbr. þingl. nr. 433-X-000321/2012)

Að öðru leiti en ofan greinir er eignarhlutunum afsalað kvaða og veðbandalausum.

Þar sem afsalshafi hefur að fullu staðið í skilum með hið umsamda kaupverð lýsir afsalsgjafi hann réttan og lögmætan eiganda framangreindra eigna.

Til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í viðurvist vitundarvottar.

Selfossi

2021

Undirskrift afsalsgjafa:

undirskrift afsalshafa:

Vottar að rétttri dags.,
fjarræði og undirskrift útgefanda:

_____ kt. _____

_____ kt. _____